

Alþingi
Erindi nr. P 125/1087
komudagur 17.3.2000

Nefndasvið Alþingis,
b/t Evu Margrétar Ævarsdóttur.
Þórshamri við Templarasund.
150 Reykjavík.

Reykjavík, 16. mars 2000.

Sæl Eva.

Meðfylgjandi eru athugasemdir frá Umhverfisverndarsamtökum Íslands vegna frv. til laga um mat á umhverfisáhrifum (386. mál) .

Með kveðju,



Ketill Sigurjónsson,
frkvstj. UVSÍ,
Laugavegi 13,
101 Reykjavík.
S. 5515172 / 863 8333.

Til umhverfisnefndar Alþingis.

Frá Umhverfisverndarsamtökum Íslands (UVSÍ).

Efni: Athugasemdir vegna frv. til laga um mat á umhverfisáhrifum (386. mál).

Dags.: 16. mars 2000.

1. 3.mgr. 5. gr.:

Orðalag þessarar mgr. er með þeim hætti að setningin “Málsmeðferð slíks mats skal vera jafngild þeirri málsmeðferð sem mælt er fyri um í IV. kafla” virðist aðeins eiga við um heimild ráðherra til að láta umhverfismat fara fram með öðrum hætti en fyrirskipað er í lögnum. M.ö.o. virðist ofangreind setning *ekki* eiga við um heimild ráðherra til að ákveða að tiltekna framkvæmdir séu ekki háðar mati á umhverfisáhrifum, sbr. upphafssetning umræddrar 3.mgr. 5. gr. *Ákvæðið gæti því leytt til þess að umhverfisráðherra hafi það alfarið á sínu valdi að undanþiggja hvaða framkvæmdir sem er mati á umhverfisáhrifum. Að mati UVSÍ er þetta óviðunandi. Taka má fram að athugasemdir við 5. gr. frv. styðja þennan skilning á umræddri 3. mgr.*

2. I. bráðbirgðaákvæði:

UVSÍ hafa ekki séð röksemdir sem réttlætt geta þetta ákvæði óbreytt. Úr því höfundar frv. telja það “óásættanlegt og nauðsynlegt”, sbr. athugasemdir með ákvæðinu, að kveða á um tímamark sem framkvæmdaleyfi útg. fyrir 1. maí 1994 skulu falla úr gildi, *er eðlilegast að öll slík leyfi falli úr gildi þegar við gildistöku hinna nýju laga um mat á umhverfisáhrifum. Að mati UVSÍ hafa viðtakendur slíkra leyfa engan lögvarðan rétt á að fá frest til ársloka 2002, eins og nú segir í ákvæðinu.*

3. III. bráðabirgðaákvæði:

Í athugasemdum með þessu ákvæði segir að á hinum Norðurlöndunum sé þarna um eitt og sama ferlið að ræða (þ.e. matsferli og framkvæmdaleyfisferli), en einnig tekið fram að útgáfa framkvæmdaleyfis sé ýmist í höndum viðkomandi þjóðþings (“Alþingis”), ríkisstjórna eða einstakra stofnana. Það er skoðun UVSÍ að þegar sömu stjórnsýslustofnanir fara með vald í málum sem snúa að mati á umhverfisáhrifum annars vegar og framkvæmdaleyfi hins vegar, eins og gerist hér á landi, sé varhugavert að þessi tvö ferli verði sameinuð í eitt.